

Nefndarálit

um frumvarp til laga um neytendalán.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Neytendavernd á fjármálamarkaði er verulega ábótavant. Því miður hefur lítið áorkast á þessu kjörtímabili. Sjaldan hefur verið meiri þörf en nú á öflugri vernd í þágu neytenda vegna skuldavanda heimilanna.

Úrlausn í skuldamálum heimila hefur leitt í ljós að víða er pottur brotinn í löggjöf á sviði neytendalána og eftirliti með henni. Hvergi hafa þeir ágallar komið skýrar fram en í kjölfar hæstaréttardóma er vörðuðu ólögmæti gengistryggðra lána. Þrátt fyrir fjölda eftirlitsaðila á fjármálamarkaði hafa álitaefni tengd uppgjöri umræddra lána ekki enn verið til lykta leidd. Mætti í þessu sambandi nefna Fjármálaeftirlitið, Neytendastofu, úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, umboðsmann skuldara og eftirlitsnefnd um framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar. Fjöldi annarra alvarlegra og stórra mála hafa komið upp á yfirborðið eins og ráðleggingar að kaupa hlutabréf fyrir innstæður án þess að undirstrika áhættuna, kaup á stofnbréfum sparisjóða, jafnvel með láni, og kaup á búseturétti án skýrra trygginga. Engin virðist sinna slíkum málum þó að þau hafi oft ógnað fjárhag viðkomandi einstaklinga.

Umræddar stofnanir hafa ýmist talið sig skorta valdheimildir eða fjármagn til að bregðast við vandanum sem kann að undirstrika þörfina á að einn og sami aðilinn innan stjórn-sýslunnar sinni málefnum neytenda á fjármálamarkaði. Allir þeir sem fjallað hafa um málið í efnahags- og viðskiptanefnd á þessu kjörtímabili hafa bent á nauðsyn þess að hafa neytendaverndina vel skilgreinda og á ábyrgð einnar stofnunar. 1. minni hluti tekur undir mikilvægi þess að neytendavernd á fjármálamarkaði verði vel skilgreind og vistuð á einum stað.

Þetta frumvarp kemur allt of lítið til móts við þennan vanda. Við umfjöllun málsins kom fram að Neytendastofu, sem ætlað er að annast framkvæmd og eftirlit með ákvæðum frumvarpsins, skorti fjárheimildir til að rækja það hlutverk sitt. Fjármálaeftirlitið, sem fengið hefur veglegar fjárveitingar á undanförunum árum, telur það aftur á móti ekki sitt hlutverk að skera úr álitaefnum sem risið hafa í samskiptum einstakra neytenda við eftirlitsskylda aðila. 1. minni hluti fagnar því að upplýsingagjöf til lántaka er aukin í þessu frumvarpi. Augljóst er að bæta þarf upplýsingagjöf og fjármálalæsi. Það hlýtur að vera umhugsunarefni „að hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar verði 75% svo ekki verði röskun á ríkjandi viðskiptaháttum sem sátta ríkir um“ eins og kemur fram í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja til nefndarinnar. Hér er ekki verið að tala um hin hefðbundnu smálán sem bera enn hærri kostnað. Vonandi mun frumvarpið, verði það að lögum, koma í veg fyrir eða í það minnsta fækka dýrum skammtímalánum.

Þá hafa komið fram efasemdir um hvort framkvæmd verðtryggðra lána hér á landi standist ákvæði tilskipunarinnar sem frumvarpinu er ætlað að innleiða þrátt fyrir að í frumvarpinu séu ýmis ákvæði sem hafi að markmiði að styrkja vernd þessara neytenda. Frumvarpið gerir ráð fyrir að neytandi sé upplýstur um sögulega þróun verðlags og vaxta en að auki hefur meiri hlutinn, fyrir tilstilli 1. minni hluta, lagt til að neytandi verði upplýstur um þróun verðlags

og ráðstöfunartekna síðustu 10 ár fyrir lántöku. 1. minni hluti vill auk þess að lántakendur langtímalána verði upplýstir um greiðslubyrði, sem nær út fyrir hefðbundna starfsævi. Hvaða greiðslubyrði býður t.d. 50 ára konu sem tekur verðtryggt jafngreiðslulán til 40 ára og er með umtalsverða greiðslubyrði um nírætt?

Fyrsti minni hluti telur að framangreint gefi tilefni til þess að taka málið aftur inn í nefnd á milli umræðna. Til hins sama leiða áhyggjur Samtaka fjármálafyrirtækja af því að frumvarpið, einkum ákvæðin sem varða greiðslumat og þak á árlega hlutfallstölu kostnaðar, hefti lánamöguleika skilvísra viðskiptavina eða takmarki framboð hefðbundinna lánessamninga (sjá fylgiskjal).

Alþingi, 18. febrúar 2013.

Guðlaugur Þór Þórðarson,
frsm.

Pétur H. Blöndal.

Fylgiskjal.

Samtök fjármálafyrirtækja:

Til efnahags- og viðskiptanefndar

Í framhaldi af pósti til nefndarinnar 4. des vilja SFF koma á framfæri einni athugasemd til viðbótar varðandi neytendalánafrumvarpið og minnisblað atvinnuvegaráðuneytisins til efnahags- og viðskiptanefndar um umsagnir atriði í minnisblaðinu er snýr að hagsmunum neytenda:

Um er að ræða 26.gr. um hámark árlegrar hlutfallstölukostnaðar.

SFF leggja til við efnahags- og viðskiptanefnd að hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar verði 75% svo ekki verði röskun á ríkjandi viðskiptaháttum sem sátt ríkir um.

Í minnisblaðinu segir að SFF hafi komið með ábendingar til atvinnuvegaráðuneytisins um að hækka hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar í 60-65%. Um prentvillu virðist að ræða því SFF lögðu til að hámarkið yrði hækkað í 75% en það er mat samtakanna að markmiðum frumvarpsins verði náð þó að hámarkið verði hækkað í 100%.

SFF meta þak á árlega hlutfallstölu kostnaðar sem skal vera 50% allt of lágt. Lán sem skv. okkar bestu vitneskju eru og hafa verið talin sanngjörn, yrðu ólögleg eins og eftirfarandi dæmi sýna:

Dæmi :

Dæmi	Upphæð láns-samnings	Fjöldi gjalddaga	Ársvextir	Lántökugjald	Útgáfudagur	Fyrsti gjalddagi	Færslugjald per gjalddaga	Lántökugjald	Heildar vextir	Heildar lántökukostnaður	Árleg hlutfallstala kostnaðar
I	60.000	3	11,8	3,25%	11.4.2012	30.4.2012	320	1950	990	3.900	60,34
II	60.000	3	11,8	3,25%	11.4.2012	31.5.2012	320	1950	1610	4.520	39,92
III	20.505	3	0	3,25%	30.9.2011	31.10.2011	320	666	0	1.626	58,21
IV	18.950	5	0	3,25%	8.12.2011	31.12.2012	320	616	0	2.216	62,86
V	14.950	3	11,2	3,25%	16.10.2011	30.11.2011	320	486	357	1.803	74,23
VI	14.950	3	0	3,25%	28.10.2011	31.1.2012	320	486	0	1.446	71,27
VII	60.000	12	11,55	3,25%	1.2.2012	31.3.2012	320	1950	4437	10.227	29,95
VIII	60.000	36	11,55	3,25%	8.2.2012	31.3.2012	320	1950	11453	24.923	26,94
IX	169.760	24	11,8	3,25%	2.5.2012	31.5.2012	320	5517	21464	34.661	21,04

Dæmi I

Hér er Kortalán kr. 60.000 sem tekið er í tæpa 3 mánuði og greitt á 3 afborgunum lánið er kr. 60.000 og heildarlántökukostnaður er kr. 3.900. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 60,34, skv. frumvarpinu yrði þetta lán því ólöglegt.

Dæmi II

Allar sömu forsendur og í dæmi I nema lántími er tæpir 4 mánuðir og heildar lántökukostnaður kr. 4.520. Árleg hlutfallstala kostnaðar hér yrði 39,92

Dæmi VII og VIII sýna svo sömu lánsfjárhæð til mun lengri tíma þ.e. 12 og 36 mánaða sem væru þá í góðu lagi með tilliti til árlegrar hlutfallstölu kostnaðar sem þá væri 29,95 og 26,94. Af dæmum I og II má sjá að lítið þarf til að árleg hlutfallstala kostnaðar hækki og ekki sjálfgefið að meðvitaður neytandi vildi frekar kost II, VII eða VIII sem væru þá löglegir og þá greiða vexti í lengri tíma frekar en kost I þar sem þá væri ólöglegur.

Dæmi III Vaxtalaust lán

Hér er dæmi um vaxtalaust Kortalán kr. 20.505 til 3 mánaða og 3 afborganir, færslugjöld per gjalddaga eru kr. 320 og lántökugjald 3,25% heildar lántökukostnaður því kr. 1.626. Hér er á engan hátt farið óðslega í gjalddöku og lánin sangjörn og vinsæl af neytendum. En árleg hlutfallstala kostnaðar hér er 58,21 og lánið því ólöglegt skv. frumvarpinu

Dæmi IV Vaxtalaust lán

Hér er annað dæmi um vaxtalaust kortalán svipaðar upphæðir nema hér eru kr. 18.950 lánaðar til 5 mánaða 5 gjalddagar heildar lántökukostnaður kr. 2.216 og árleg hlutfallstala því 62,86

Dæmi V

Hér má sjá dæmi um Kortalán kr. 14.950 til 3,5 mánaða og 3 afborganir heildar lántökukostnaður hér kr. 1.803 og árleg hlutfallstala 74,23

Dæmi VI Vaxtalaust lán

Hér má sjá dæmi um Kortalán kr. 14.950 til 3 mánaða og 3 afborganir heildar lántökukostnaður hér kr. 1.446 og árleg hlutfallstala 71,27

Í dæmunum hér að ofan er hægt að sjá að lánsfjárhæð, lánstími og lánskostnaður hafa áhrif á það hvernig árleg hlutfallstala kostnaðar kemur út. Á meðan kostnaði við lántöku er stillt í hóf eins og hér er þá þykir SFF óeðlilegt að svipta neytanda þeim rétti að velja hvort hann taki lán til skemmri eða lengri tíma en með lagasetningunni með 50% þaki þá gæti það takmarkað tilboð um hefðbundna lánessamninga til skemmri tíma og viðskiptavinurinn aðeins fengið að taka lán til lengri tíma.

Kortalán / raðgreiðslur er lánsform sem tíðkast hefur frá árinu 1989 og hefur því skapað sér sess sem hefðbundið lánsform. Ánægja neytanda með þetta lánsform hefur verið mikil og þótt sjálfagður valkostur í lánaflórunni.

Lokst er bent á að þegar lög um neytendalán tóku gildi 1993 var gerð krafa um að neytendur ættu rétt á að fá upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar. Þessi tala var kynnt sem verkfæri fyrir neytandann til þess að geta borið saman ólíka lánskosti. Á sínum tíma var lögð áhersla á að árleg hlutfallstala kostnaðar væri ekki það sama og vextir og mætti alls ekki líta á þetta verkfæri sem slíkar upplýsingar, heldur eingöngu til þess að gera samanburð á ólíkum lánskostum. Því er mikilvægt að aðilar sem koma að lagasetningu hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar geri sér grein fyrir því um hverskonar verkfæri árleg hlutfallstala kostnaðarar er og blanda því ekki saman við vexti.

Í samræmi við framangreint leggja SFF að hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar verði 75% svo ekki verði röskun á ríkjandi viðskiptaháttum sem sátt ríkir um.

Bestu kveðjur, Jóna Björk

**Kær kveðja,**

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Samtök fjármálafyrirtækja
Sími 591 0400 · Fax 591 0419
jona@sff.is - www.sff.is